VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

# Flogið undir ratsjánni: Skattstofnar sveitarfélaga



**Frosti Ólafsson**,
framkvæmdastjóri
Viðskiptaráðs Íslands

13. janúar 2015

# Skattstofnar sveitarfélaga hafi ekki verið ofarlega á dagskrá í umræðu um skattamál undanfarin ár

## Dagskrá Skattadagsins árin 2010-2014

| 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---|---|---|---|
















| 0 af 4 | 0 af 4 | 0 af 4 | 0 af 5 | 0 af 5 |
|---|---|---|---|---|

**Samtals hafa 0 af 22 erindum fjallað um skattstofna sveitarfélaga**

# Þróunar kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum gefur tilefni til að ætla að áhugaleysið nái víðar

Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum, %



# Yfirlit

1. **Hver hefur þróunin verið?**

2. Hvað veldur?

3. Hvað er til ráða?

# Hlutdeild og umfang sveitastjórnarstigsins í skattheimtu hefur aukist á undanförnum árum




Heimildir: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

# Hækkun útsvars, fasteignagjalda og framlags til jöfnunarsjóðs skýrir stærstan hluta þessarar aukningar

**Þróun útsvarsprósentu**
% af launatekjum, 1993-2015




**Þróun annarra tekjustofna**
Ma. kr. á föstu verðlagi




- **Meðalútsvars-prósenta sveitarfélaga** hefur ríflega tvöfaldast síðustu tvo áratugi
- Raunhækkun **fasteignaskatta** nemur 74% síðustu 15 ár
- Frá árinu 2008 hefur **meðalskattprósenta fasteignaskatts** á íbúðahúsnæði hækkað um 10%
- **Framlög til jöfnunarsjóðs** hafa ríflega tvöfaldast á síðustu 15 árum

Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga og útreikningar Viðskiptaráðs Íslands

# Þessi aukna skattheimta skýrist ekki nema að hluta til af tilfærslu verkefna til sveitastjórnarstigsins

**Þróun fjárframlaga á hvern nemanda á grunnskólastigi samanborið við framhaldsskólastig**
Vísitala (100 = fjárframlög árið 1999)




- Aukna hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera **má að hluta rekja til flutnings verkefna frá ríki til sveitarfélaga**, t.a.m. grunnskóla og þjónusta við fatlaða
- Þegar stærstu útgjaldaliðirnir eru skoðaðir nánar er þó ljóst að **aðhald sveitarfélaga hefur verið hlutfallslega mun minna** og tekjuþörf vaxið í samræmi við það

# Yfirlit

1. Hver hefur þróunin verið?

**2. Hvað veldur?**

3. Hvað er til ráða?

# Vaxandi skattheimtu sveitarfélaga má rekja til skorts á gagnsæi, aðhaldi og ábyrgð




- **Gagnsæi** helstu skattstofna sveitarfélaga **er verulega ábótavant**

- **Ógagnsæi torveldir gagnrýna umræðu** og dregur þannig úr aðhaldi skattgreiðenda

- **Óskýr og dreifð ábyrgð** á skatt-stefnu sveitar-félaga leiðir til **stefnuleysis og skorts á endur-mati**

- Án gagnsæis, gagnrýni og skýrrar ábyrgðar er fátt sem kemur í veg fyrir **stigvaxandi skatt-byrði og óhag-kvæmni í rekstri**

# Skortur á gagnsæi ræður miklu um hversu lítil umræða á sér stað um skattstofna sveitarfélaga

**Hver er útsvarsprósentan á Íslandi?**
Fjöldi svara, óvísindalegt úrtak úr jólaboði




- Fáir geta svarað með nákvæmum hætti hversu **hátt útsvarið er**
- Það eru ýmsar ástæður fyrir því að skattgreiðendur átta sig illa á umfangi skattheimtunnar:
  - Greiðsla útsvars er **ekki tilgreind sérstaklega á launaseðli**
  - Greiðsla útsvars og tekjuskatts launa fer fram á **sama tíma og í gegnum sama ferli**
  - Breytingar á útsvari ekki **kynntar nægjanlega vel**

Heimildir: Fjölskylduboð í tilefni jóla 2014

# Afleiðing skorts á gagnsæi og takmarkaðri ábyrgð á eigin skattastefnu er einsleitni og lítið skattalegt aðhald

**Útsvar íslenskra sveitarfélaga**
Fjöldi sveitarfélaga




**Skattur svissneskra kantóna**[1]
Fjöldi kantóna




- **56 af 74 sveitarfélögum** eru með útsvarsprósentu sína í **leyfilegu hámarki**
- Útsvar Reykjanesbæjar er yfir **skilgreindu hámarki**
- Til samanburðar er dreifingin **mun breiðari** í Sviss þar sem sveigjanleikinn mikill
- Skortur á gagnsæi og ábyrgð á eigin skattastefnu leiðir til þess að **hvati sveitarfélaga til að lækka útsvar er lítill**

1 Miðað við hjón með tvö börn og 100,000 CHF á ári

# Líkt og algengt er með eignaskatta eru útreikningur fasteignaskatts flóknir og ógagnsæir

## Skattstofn fasteignaskatts

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.




***Fasteignamat 2015:***

- 181 blaðsíðna skýrsla var gefin út þar sem ný matsaðferð var kynnt
- Þjóðskrá Íslands annast mat fasteigna og ákvarðar aðferðafræði

- Fasteignamat – og þar með skattstofn – **hækkar um 7,7% að meðaltali** og skatttekjur um ~1 ma.kr.
- Breytingarnar voru mjög **ólíkar innbyrðis** og fjöldi dæma um að mat hafi hækkað um **yfir 70%**
- **Um verulega skattahækkun er að ræða án beinnar aðkomu stjórnmálamanna**

## Ákvörðun fasteignaskatts

Úr 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga:

*Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið. Skatthlutfall* ***skal vera*** *sem hér segir:*

*a. Allt að 0,5% af fasteignamati*
*b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum*
*c. Allt að 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum*

*Heimilt er sveitarstjórn að* ***hækka um allt að 25%*** *hundraðshluta þá sem tilgreindir eru í a- og c-liðum [...]*
*Í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að* ***undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarhús****...*

Ofan á ógagnsæja útreikninga fasteignamats leggst svo afar **óskýr skilgreining á ákvörðun gjalda**:

- Hámarksskatthlutföll illa skilgreind
  - 17 sveitarfélög yfir hámarki í a-lið og 61 sveitarfélag yfir hámarki í c-lið
- Dreifbýli og sumarhús eru teygjanleg hugtök

# Ólík samsetning fasteignagjalda dregur enn frekar úr gagnsæi og þar með mögulegu aðhaldi

| Sveitarfélag | Fasteignagjöld | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fasteignaskattur | Vatnsgjald | Holræsagjald | Lóðaleiga | Sorpeyðing |
| Reykjavík | 0,2% af fasteignamati | 5.559 kr. fast gjald + 216 kr/m² (1) | 9.379 fast gjald + 362 kr/m² (1) | 0,2% af lóðarmati | Rukkað eftir fjölda tunna(2) |
| Kópavogur | 0,27% af hús- og lóðarmati | 0,1% af hús- og lóðarmati | 0,169% af hús- og lóðarmati | 19,48 kr/m² | 22.000 kr. á íbúð |
| Akureyri | 0,38% af fasteignamati | 0,2% af fasteignamati | 0,15% af fasteignamati | 0,5% af lóðarmati | 25.400 kr. á íbúð |
| Reykjanesbær | 0,50% af fasteignamati | 7.355 kr. fast gjald + 0,2% af fasteignamati(3) | 0,17% af fasteignamati | 2,0% af lóðarmati | 23.210 kr. á íbúð + 14.225 sorphirðugjald |
| Fljótsdalshérað | 0,50% af fasteignamati | 7.700 kr. fast gjald + 235 kr/m² | 0,32% af fasteignamati | 0,75% af lóðarmati | 22.440 kr. á íbúð |

(1) Innheimt af Orkuveitu Reykjavíkur, (2) Innheimt af Sorpu, (3) Innheimt af HS Veitum

# Enginn tekjupóstur kemst þó með tærnar þar sem jöfnunarsjóður er með hælana hvað varðar ógagnsæi

**Tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Milljarðar króna, 2013




- Ríflega helmingur tekna jöfnunarsjóðs **kemur úr ríkissjóði**
- Engin augljós röksemd fyrir því **hvers vegna útsvar sveitarfélaga ætti ekki að standa að fullu undir framlögum** til sjóðsins enda væri það mun gagnsærra fyrirkomulag
- Fyrirkomulag sjóðsins dregur ekki einungis úr **skattalegu aðhaldi** þvert á sveitarfélög heldur einnig innbyrðis þeirra á milli

# Fyrirkomulag úthlutunar úr jöfnunarsjóði skapar jafnframt neikvæðan hvata til rekstrarlegs aðhalds

**Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga**
Milljarðar króna, 2013




- Nánast allir útgjaldaliðir jöfnunarsjóðs miða að því að **draga úr afleiðingum** af óhagkvæmni lítilla sveitarfálaga og lakri fjármálastjórn
- Hvort tveggja er til þess fallið að **auka útgjöld sveitarfélaga** og þar með skattbyrði
- Í dag eru **42 sveitarfélög með innan við 1.000 íbúa** og 65 með innan við 5.000 íbúa
- **Hvati til sameininga** er lítill sem enginn

# Samandregið þá líða allir stærstu tekjustofnar sveitarfélaganna fyrir skort á gagnsæi og aðhaldi

| | Vandi | Afleiðing |
|---|---|---|
| **Útsvar** | - Greiðsla er **ekki aðgreind á launaseðli**<br>- Launþegar ekki meðvitaðir um umfang | - **Lítil umræða** á sér stað um umfang útsvars<br>- Flest sveitarfélög innheimta því **hámarksútsvar** |
| **Fasteigna-skattar** | - **Útreikningar** fasteignamats **eru flóknir**<br>- **Stjórnmál hafa ekki aðkomu** að matinu | - **Fasteignagjöld geta hækkað** án þess að stjórnmálin ákveði það<br>- Erfitt að veita **aðhald** |
| **Jöfnunar-sjóður** | - **Útdeiling miðast ekki við aðhald** í rekstri<br>- **Flóknar úthlutunarreglur** draga úr gagnsæi | - Sjóðurinn hefur **neikvæð áhrif á rekstur** sveitarfélaga<br>- Allir **skattgreiðendur greiða fyrir íbúa** ákveðinna svæða |

# Yfirlit

1. Hver hefur þróunin verið?

2. Hvað veldur?

**3. Hvað er til ráða?**

# Helstu leiðir til umbóta felast í auknu gagnsæi, eflingu sveitarfélaga og sveigjanlegri skattstefnu

1. **Aukið gagnsæi skattstofna**
2. **Efling sveitastjórnarstigsins**
3. **Sveigjanlegri skattastefna**



Heimildir: …

# Aukið gagnsæi skattstofna myndi styrkja forsendur fyrir virku aðhaldi frá skattgreiðendum

1. **Aukið gagnsæi skattstofna**
2. Efling sveitastjórnarstigsins
3. Sveigjanlegri skattstefna

- Útsvarsprósenta og heildargreiðsla útsvars ættu að vera **tilgreind sérstaklega á launaseðlum** með skýrum hætti
- Breytingar á útsvari ættu að vera **tilkynntar öllum íbúum** bréfleiðis
- Greiðsluseðlar fasteignagjalda ættu að vera **sundurliðaðir með skýrum hætti**
- Draga hlutfallslega úr **vægi fasteignaskatta**
- **Leggja ætti jöfnunarsjóð sveitarfélaga niður** í núverandi mynd

# Til að auka hagkvæmni og skapa grundvöll fyrir auknu sjálfstæði sveitarfélaga eru sameiningar nauðsynlegar

1. Aukið gagnsæi skattstofna
2. **Efling sveitastjórnarstigsins**
3. Sveigjanlegri skattstefna

- Með því að **færa lágmarksstærð í 8.000 íbúa** mætti fækka sveitar-félögum í 12 án þess að breyta núverandi landshlutaskiptingu.
  - Skapar forsendur fyrir auknu sjálfstæði við mótun skattastefnu
  - Eykur hagkvæmni verulega
  - Gerir sveitarfélögum kleift að sinna flóknari verkefnum
- Ef ekki er vilji til slíkra breytinga þyrfti að **búa til millistjórnstig** eða **lágmarka umfang** verkefna sveitarfélaga

# Með öflugri sveitarfélögum gæfist kostur á auknum innbyrðis sveigjanleika í skattstefnu þeirra

1. Aukið gagnsæi skattstofna
2. Efling sveitastjórnarstigsins
3. **Sveigjanlegri skattstefna**

- Að því gefnu að skilyrði um lágmarksíbúafjölda sé til staðar er fátt því til fyrirstöðu að **auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga** í skattamálum.
  - Eykur stjórnmálalega ábyrgð sveitarfélaga á skattamálum
  - Skapar samhliða aukið aðhald frá skattgreiðendum
- Jafnvægisregla og skuldaregla í reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga **kemur í veg fyrir óábyrgan rekstur**. Óþarft að setja þrengri skorður.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

